

Siglingaráð

41. fundur

Dags.: 9. maí 2023, kl. 11:00 til 12:30 í Samgöngustofu.

Mættir: Ásta Þorleifsdóttir (irn), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Auðunn Kristinsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Aron Freyr Jóhannsson (Samgöngustofa), Sigrún H. Kristjánsdóttir (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Halldór Ármannsson formaður, Eggert Ólafsson (irn), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands).

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 40. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Öryggisáætlun sjófarenda 2024-2038 (tengill sendur í tölvupósti ath ekki til dreifingar).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Áp bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- Fundargerð 40. fundar samþykkt.**
- Losunar- og sjósetningarbúnaður.** AFJ sagði að SGS kalli eftir umræðu um losunar- og sjósetningarbúnað í fiskiskipum með hliðsjón af framförum í þróun slíks búnaðar almennt, alþjóðlegrar viðurkenningar og þeirra séríslensku krafna sem um slíkan búnað gilda. Svokallaðir skotgálgar samanstanda af mörgum íhlutum sem auka líkur á bilunum, þá er orðið erfiðara um viðhald. Í sjóslysum hefur þessi búnaður ekki alltaf virkað sem skyldi og því ærin ástæða að skoða þessi mál vandlega. Tekið var undir þessa tillögu SGS og að taka þurfi saman gögn um atvik/slys þar sem reynt hefur á skotgálgana. Ákveðið að koma á vinnuhóp (LHG, SFS, samtök sjómanna og Slysavarnaskóli) til að fara yfir þessi mál og reglurnar um búnaðinn. Áp skoðar. Spurt hvort mögulegt væri að hafa kynningu á losunar- og sjósetningarbúnaði á öryggisráðstefnunni 6. júní.
- Lækningahandbók.** Áp og AFJ sögðu frá „leitinni“ að réttu lækningahandbókinni fyrir íslenska sjómenn. Ekki hefur fengist heimild til þýðingar líkt og áður fyrir utan að vera kostnaðarsamt. Íslandi býðst nú endurgjaldslaus aðgangur að nethandbókinni Mariners Medico Guide (medicoguide.no) sem gefin er út af tryggingafélaginu Gard og háskólasjúkrahúsínu í Haukeland. Handbókinn er á ensku, gjaldfrí og hægt að hlaða henni niður í tölvu eða síma og nota án nettengingar. SGS hefur viðurkennt hana jafngilda íslensku lækningahandbókinni sem enn er til á lager. Helsti gallinn er að hún er á ensku. Að svo stöddu verður hún ekki þýdd. Með þessari nálgun geta allir skipverjar haft lækningahandbók í sínum sínum eða spjaldtölvum. HS upplýsti að grein um handbókina verði í næsta tölublaði sjómannaþingisins Víkings. Áp upplýsti útgáfa í reglugerðinni um lyf- og lækningatæki er gert ráð fyrir rafrænum dag- og handbókum.
- Ráðstefnur.**
 - Ráðstefnan um rafmagnselda í skipum verður 23. maí n.k. á Grand hótél og hefst kl. 12:30 en henni verður einnig streymt á netinu www.icetra.is/electricalfires
 - Ráðstefna um öryggi í samgöngum verður þann 6. júní n.k.
- Öryggisáætlun sjófarenda 2024-2038.** Áætlunin komin í nýjan búning og fór Áp yfir efni hennar. Eftir eru smá lagfæringar í texta en ákveðið var að Slysavarnafélagið Landsbjörg verði tilgreint á bls. 3 og betri veðurspár. Áp sendir hlekk á nýjustu drög áætlunarinnar til skoðunar.

6) Önnur mál.

- a) **Sjómannadagurinn.** ÞP upplýsti að SGS verði með átak í öryggismálum sem hefst á sjómannadaginn með útsendingu umræðubáttis frá Grindavík.
- b) **Styrkir til hugvitsmanna.** ÁP óskaði eftir fulltrúum til að fjalla um umsóknir um styrki til hugvitsmanna en umsóknarfrestur rennur út 15. maí. ÞP, RG og GHB tóku að sér verkefnið.
- c) **Sjókvíar í innsiglingaleiðum.** Umræða var um sjókvíar sem ógna siglingaöryggi en dæmi eru um að fengin leyfi fyrir sjókvíum hafi verið felld úr gildi að kröfu SGS, LHG og Vegagerðarinnar. Þá var upplýst að tillögur hafi komið fram um að færa til vita til að hliðra til fyrir fiskeldinu.
- d) **Leiðsögumenn.** HS spurði um hversu mörg leiðsögumannaskírteini væru í gildi hér á landi. AFJ ætlar að kanna það.
- e) **Lýsing í höfnum.** BA óskaði eftir skoðun ráðsmanna varðandi breytingu á reglum um öryggi í höfnum en lagt er til að í stað kröfu um fastan styrk lýsingar verði heimilt að minnka lýsingu á hafnarsvæðum að nóttu til (þetta á ekki við um lýsingu yfir bryggjustigum) en skynjarar sem nema umferð á bryggju geta aukið lýsingarstyrkinn þar. Þetta getur minnkað kostnað við lýsingu talsvert en á ekki að koma niður á öryggi á hafnarsvæðinu. Enginn mælti gegn þessari tillögu.

Næsti fundur verður boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.